

FUNDARGERÐ 3. stjórnarfundar sem haldinn var 16. nóvember 2007 í Nýheimum á Höfn í Hornafirði.

Mættir:

Áðalmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, Eiríkur Björn Björgvinsson, Elín Heiða Valsdóttir, Ellý K. Guðmundsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Rúnar Þórarinnsson og Þórunn Pétursdóttir.
Áheyrnarfulltrúi: Magnús Hallgrímsson.
og Þórður H. Ólafsson, starfsmaður stjórnar.

1. Samþykkt dagskrár.

Fyrirligjandi dagskrá var samþykkt samhljóða

2. Fundur með Svæðisráði III (Suðursvæði)

Fundur með Svæðisráði III, kl. 13-15:30

Sér fundargerð er um þann fund en m.a. var rædd staða samningaviðræðna við landeigendur, staða vinnu við gerð reglugerðar og verndaráætlun, staðsetning gestastofa og landvörslustöðva.

3. Samningaviðræður við landeigendur - staða.

Samningaviðræður við þá landeigendur sem eiga land sem fyrirhugðað er að verði hluti af Vatnajökulshjódgarði, hafa verið og eru í höndum umhverfisráðuneytisins. Viðræðum er ekki lokið en eru í farvegi.

Gerð var frekari grein fyrir stöðunni, sem er í grófum dráttum sú að allar líkur eru á að lang stærstur hluti þess lands sem fyrirhugðað var að yrði hluti að fyrsta áfanga þjóðgarðsins fari inn, að undanskildum svæðum í Ódáðahrauni og Trölladyngju svo og mun Ærfjall í suðvestanverðum Vatnajökli ekki fara inn í þessum áfanga. Auk þess er enn nokkur óvissa með nokkur svæði í Suðursveit; Hjallanes, Steinadal og hluta Kálfafellsdals.

- Á næsta stjórnarfundum, sem haldinn verður 7. desember n.k. mun verða gerð nánari grein fyrir stöðu samningamála við landeigendur.

4. Reglugerð fyrir Vatnajökulshjódgarð - staða.

Á síðasta stjórnarfundum var tekin ákvörðun um að ábyrgð á vinnu að gerð reglugerðar, sem fram að þessu verið í höndum umhverfisráðuneytisins, færist yfir til stjórnar Vatnajökulshjódgarðs. Ráðnir hafa verið tveir sérfræðingar til starfans, annars vegar Aðalheiður Jóhannsdóttir, lögfræðingur og dósent við HÍ og hins vegar Þóra Ellen Þórhallsdóttir, grasfræðingur og prófessor við HÍ. Áætlað er að fyrstu drög frá þeim verði

tilbúin á fyrstu vikum næsta árs. Þá hefst samráðsferli milli stjórnar og svæðisráða í samræmi við 20. gr. laga um nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð, en þar segir: „Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs skal í samráði við svæðisráð og Umhverfisstofnun gera tillögu til ráðherra um reglugerð fyrir þjóðgarðinn.“

- Stefnt að því að reglugerðin verði tilbúin eigi síðar en í mars 2008.

5. Verndaráætlun

Í 12. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð segir: „Svæðisráðin, hvert á sínu svæði, skulu vinna tillögu að verndaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Við gerð verndaráætlunar skal svæðisráð hafa samráð við eigendur lands innan þjóðgarðs á viðkomandi svæði, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fer yfir tillögur svæðisráða og vinnur á grundvelli þeirra verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Eigi síðar en tveimur árum eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs skal lokið gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn. Skal tillaga svæðisráða, sbr. 3. mgr. 12. gr., send stjórn þjóðgarðsins eigi síðar en 18 mánuðum eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.“

Vinna við gerð verndaráætlunar er ekki farin af stað og varð nokkur umræða um hvernig yrði staðið að þeirri vinnu, m.a. með aðkomu Náttúrustofa og Háskólasetra og Umhverfisstofnunar svo og samræming vinnu við gerð verndaráætlunar fyrir svæðin fjögur. Auk þess munu starfsmenn þjóðgarðsins koma að vinnunni.

- Allar ákvarðanir um útgjöld og samningar um verkið fari í gegnum væntanlegan framkvæmdastjóra.
- Stefnt er að því að vinna við gerð verndaráætlunar hefjist í byrjun á næsta árs.

6. Gestastofur-staðsetning

- Skriðuklaustur

Fyrir liggur ákvörðun um staðsetningu norður af Gunnarshúsi

- Kirkjubæjarklaustur

Fyrir liggur ákvörðun um staðsetningu austur af félagsheimilinu niður undir Skaftá.

- Mývatn

Þrjár hugmyndir um staðsetningu eru uppi og hafa þær verið sendar sveitarstjórn.

Tvær hugmyndanna eru við byggðina norðan við vatn, en þriðja tillagan er sunnan við vatn í landi Skútustaða

- Stjórnin styður hugmyndina um staðsetningu sunnan vatns í landi Skútustaða.

- Höfn

Fyrir liggur ákvörðun um staðsetningu á svokölluðu Stekkanesi norðan og vestan við Höfn.

7. **Landvörslustöðvar- viðræður við útivistarfélög á rekstrarsvæði Þjóðgarðsins**

Í framhaldi af bréfi dags. 9. okt. s.l., ferðafélaga (FÍ, FFA, FFF og FFASK), sem eru með rekstur á svæði Vatnajökulspjóðgarðs sendu, þar sem óskað var eftir viðræðum um þjónustusamning um rekstur á þeirra svæðum, var ákveðið á síðasta stjórnarfundum að settur yrði saman hópur til að ræða þessi mál við ferðafélögin.

Haldinn var undirbúningsfundur 13. nóv. s.l. með fulltrúum frá Ferðafélagi Íslands, Ólafi Erni Haraldssyni, forseta FÍ og Páli Guðmundssyni, framkvæmdastjóra FÍ, einnig sátu fundinn Anna Kristín Ólafsdóttir, stjórnarformaður og Þórður H. Ólafsson, þar sem rætt var um hugsanlega samninga við ferðafélög á rekstrarsvæði væntanlegs Vatnajökulspjóðgarðar um aðstöðu o.fl. fyrir landverði

Á fundinum var ákveðið setja upp samstarfshóp fyrir áframhaldandi viðræður og fulltrúar yrðu f.h. ferðafélaga þeir Páll Guðmundsson og Þórhallur Þorsteinsson og f.h.

Vatnajökulspjóðgarðs: Þórður H. Ólafsson og Guðríður Þorvarðardóttir frá Umhverfisstofnun.

Auk þessa þarf að ræða við önnur útivistarsamtök s.s. Jöklarannsóknafélagið svo og einkaaðila t.d. í Hrauneyjum um mögulega samvinnu um aðstöðu fyrir landvörslu á rekstrarsvæði Þjóðgarðsins, en í landvörslustöðvum er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir landverði auk aðstöðu fyrir kynningu á Þjóðgarðinum.

8. **Aðkoma og samvinna einkaaðila-klasar; samstarf í samkeppni**

Rétt þykir að þeim aðilum sem hyggja á þjónustu í tengslum við væntanlegan Vatnajökulspjóðgarð, sé bent á ýmsa samstarfsmöguleika sem í boði eru eftir ýmsum leiðum ein þeirra leiða er t.d. svokallaðir klasar, sem oft er líka nefnt samstarf í samkeppni.

- Til að fræðast örlítið frekar um þá nálgun var ákveðið að á næsta stjórnarfund mæti Sævar Kristinsson frá Netspori og fari yfir hugmyndafræðina á bak við slíka nálgun á samstarfi.

9. **Fundur með föstum starfsmönnum Þjóðgarðanna í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli.**

Fundur var haldinn með starfsmönnum kl. 11-12:30 og voru teknir saman sér fundarpunktar um þann fund.

10. **Arkitektasamkeppni um gestastofur- dómnefnd**

Send hefur verið fjármálaráðuneyti og samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir (SOF) svokölluð frumathugun og er beðið svars. Á meðan hefur áfram verið unnið að undirbúningi arkitektasamkeppninnar. Fyrir liggja drög að samkeppnislýsingu og mun dómnefnd síðan ljúka þeirri vinnu og samkeppnin verður síðan auglýst 15. desember, gögn afhent 17. des. og skilafrestur tillagna er áætlaður 8. apríl 2008 og niðurstaða dómnefndar 1. maí 2008. Áætlað er að framkvæmdir við gestastofuna á Skriðuklaustri geti hafist undir lok október 2008.

Arkitektafélagið hefur ekki formlega staðfest hverjir verða þeirra fulltrúar í dómnefnd, en nöfn Ingimundar Sveinssonar og Baldurs Ó. Svavarssonar hafa verið nefnd.

Rædd voru nöfn sem til greina kæmu sem fulltrúar Vatnajökulsþjóðgarðs í dómnefnd, en ákvörðun um dómnefndarfulltrúa var frestað, en stefnt að því að klára tilnefningar á fyrstu dögum næstu viku.

Miðvikudaginn 21. nóv. eru tilnefningar í dómnefnd komnar:

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður

Þórunn Pétursdóttir

Gísli Sverrir Arnason

Ingimundur Sveinsson, AÍ

Páll Hjaltason, AÍ

11. Samkeppni um merki Vatnajökulsþjóðgarðs

Í framhaldi af ákvörðun á síðasta stjórnarfundum um að fara í samkeppni um merki („logo“) fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, var haft samband við Gísla B. Björnsson, aulýsingateiknara og hans tillögur um útfærslu keppinnar eru að, valdir verði 6 teiknarar og hver og einn sendi inn 4-5 tillögur. Tillögurnar verði sendar inn fyrri hluta janúar n.k. og í framhaldi velji stjórnin úr bestu tillöguna. Heildarkostnaður er áætlaður um 1,5 m.kr.

- Þessi tilhögun var samþykkt

12. Hollvinasamtök

- Hjalti upplýsti að á næsta stjórnarfundum muni Bjarni V. Danielsson, verða með innlegg um undirbúning að stofnun Hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs.

13. Samþykki fundargerðar 2. stjórnarfundar 23. október 2007.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar, frá 23. október s.l. var samþykkt með örfáum orðalagsbreytingum.

14. Auglýsing um starf framkvæmdastjóra

Umræða fór fram um málið, en því var frestað til næsta stjórnarfundar.

15. Önnur mál

Engin önnur mál.

16. Næsti stjórnarfundur

Næsti stjórnarfundur verður haldinn föstudaginn 7. desember n.k. að Kirkjubæjarklaustri.

Stefnt er að fyrsta fundi á næsta ári í viku 4, 21.-25 janúar.

Fundi slitið 16:45

ÞHÓ ritaði fundargerð